

stjóri eða annar fastur starfsmaður frystihúss annast einnig matið, skal honum greitt fyrir matsstarfið mánaðarlega, upphæð er svarar til 20% af umsömdu verka-
mannakaupi á hverjum stað, miðað við 25 átta stunda vinnudaga á mánuði. 103 10. júlí

5. gr.

Í stað orðsins „eftirlitsmann“ í 8. gr. reglugerðarinnar komi: yfirmatsmann á freðfiski.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

SAMÞYKKT

104

24. ágúst

um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

1. gr.

Sölubúðum í Reykjavík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendir varningur er hafður á boðstólum til sölu og hans ekki neytt á staðnum.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu er nú skal greina:

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum og sölustöðum opnum til miðnættis, svo og einn dag á undan þessum degi þremur virkum dögum áður.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en laugardaginn fyrir hvítasunnu má þó jafnan vera opið til kl. 4 síðdegis.

Föstudaga á tímabilinu 14. maí til 13. september má hafa opið til kl. 7 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er bæjarstjórninni heimilt að ákveða að sölubúðum og sölustöðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudaginn í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar eða sölustaðir.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skal öllum sölubúðum og sölustöðum lokað kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari skal sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri, sem hér segir:

104 Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði, frá 24. ágúst kl. 9 árdegis til kl. 12 á hádegi. Þó skal loka páskadag, jóladag og nýársdag svo sem öðrum búðum.

Fyrsta sunnudag í sjöviknaföstu frá kl. 9 árdegis til kl. 5 síðdegis.

Laugardaga á tímabilinu frá 15. maí til 14. september til kl. 4 síðdegis.

Almenna helgidaga, aðra en stórhátíðir, svo og almenna frídaga, má þó jafnan hafa opna aðalbúð hvers brauðgerðarhúss frá kl. 8 árdegis til kl. 5 síðdegis.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða og sölustaða, nema úr sjálf söllum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hvers konar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Reykjavík, skal eigi vera lengri á degi hverjum en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 8 klst. á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri 9½ klst. á dag.

8. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna og sölustaðanna, verkstaðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglu-mál.

11. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörgun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, nr. 121 frá 27. nóv. 1934, og breytingar á þeirri samþykkt, nr. 83 frá 19. júlí 1935, nr. 51 frá 21. maí 1937, nr. 73 frá 19. maí 1939 og nr. 187 frá 12. okt. 1939.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. ágúst 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.